

Vinnureglur vegna jarðvinnu nálægt aðveitustrengjum (132kV/33kV) Veitur ohf :


Ef framkvæmdaaðili eða verktaki hyggst vinna jarðvinnu nálægt aðveitustrengjum í eigu Veitna ohf., skal fylgja eftirfarandi vinnureglum. Upplýsingar um legu strengja má finna á kortasjá Orkuveitunnar (<https://lukor.or.is/lukor/>) með þekju RAFMAGN – Aðveitulagnir.

1. Veitur ohf. lætur jarðvinnuverktaka í té allar upplýsingar sem til eru um legu strengja. Um getur verið að ræða lagnakort, innmælingar, afstöðu-mælingar eða staðsetningu með hlustun.
2. Almennur jarðvinnuverktaki má ekki grafa nær en **2 m** við 132 kV aðveitustrengi Veitur ohf.
 1. Ef grafa þarf nær en 2 m þarf:
 1. heimild sérfræðings í rekstri rafveitu,
 2. samráð við stjórnstöð,
 2. að verkið sé unnið af samþykktum gröfumanni með mikla reynslu og nota fullkomin tæki (vélstýringar og landfræðileg gögn).
3. Ekki má sprengja nær en 5 m frá strengjunum (miðað við leyfðan sprengistyrk í þéttbýli). Ekki má rippa með jarðvinnutæki nær en 3 m. Sé klöpp nær en 3 m þarf að fjarlægja hana með vélfleygum og setja traustar hlífur utan um strengina þar sem jarðvegur er fjarlægður. Gæta ber ýtrustu varkárni.
4. Óheimilt er að framkvæma jarðvinnu innan 2 m frá spennuhafa aðveitustrengjum. Við sérstakar aðstæður getur sérfræðingur í rekstri rafmagns, í samráði við stjórnstöð, veitt undanþágu.
5. Ef fjarlægja þarf jarðveg frá aðveitustrengjum skal ávallt koma fyrir hlífðarbúnaði utan um strengina í samráði við sérfræðing í rekstri. Gæta þarf sérstakrar varúðar vegna allrar umferðar tækja við strengina á framkvæmdatíma.
6. Samþykktur verktaki skal koma strengjum aftur í varanlega legu að framkvæmdum loknum.

Hann sér um:

- jarðvír og strengjalögn
- söndun
- merkjastrengi
- hlífðarhellur/borða og aðvörunarborða

Fylling og þjöppun jarðvegs skal fara fram í samráði við og undir eftirliti Veitna ohf. Frágangur skal uppfylla verklýsingu LAV-123-22.0, kafla 3.2.2.*



Jarðvinna nálægt háspennuvirkjum Veitna:

Þegar framkvæmdaraðili þarf að vinna í nálægð háspennuvirkja Veitna ber viðkomandi að afla sér upplýsinga um háspennuvirki og lagnir Veitna. Ef um vinnuflokka Veitna er að ræða geta þeir nálgast lagnaupplýsingar í LUKOR en ef um ytri aðila er að ræða skal hann nálgast lagnaupplýsingar hjá Veitum - <https://www.veitur.is/ertu-ad-fara-ad-grafa>. Eftir að lagnaupplýsingar hafa verið afgreiddar setja Veitur sig í samband við ytri aðila og veitir þeim leiðbeiningar um hvernig skuli umgangast háspennulagnir Veitna. Eftirlitsaðili á vegum Veitna annast eftirlit með jarðvinnu nálægt háspennuvirkjum. Almennt gildir að ekki er heimilt að vinna í nálægð spennuhafa háspennulína eða strengja Veitna.

Jarðvinna nálægt háspennustrengjum (11kV) og háspennulínunum Veitna:

Ef framkvæmdaaðili eða verktaki þarf að framkvæma jarðvinnu nálægt háspennustrengjum sem eru í eigu Veitna, leggja Veitur áherslu á að farið sé eftir vinnureglum sem hér fara á eftir:

1. Veitur lætur jarðvinnuverktaka í té allar upplýsingar sem til eru um legu strengjanna. Um getur verið að ræða lagnakort, afstöðumælingar eða staðsetningu með hlustun.
2. Jarðvinnuverktaki skal láta eftirlitsmann/svæðisfulltrúa Veitna vita með góðum fyrirvara áður en jarðvinna í námunda við strengina hefst.
3. Jarðvinnuverktaki má ekki grafa við eða frá strengjunum nema með samþykki Veitna (sbr. lið 6) og undir umsjón eftirlitsaðila. Tekið skal mið af því að jarðvinnuverktaki eða Veitur þurfa að koma að tækjum til að grafa frá strengjunum (sbr. lið 4).
4. Almennt gildir að ekki er heimilt að framkvæma jarðvinnu í nálægð háspennustrengja meðan spenna er á strengjunum. Við sérstakar aðstæður geta sérfræðingur í rekstri rafveitu, í samráði við stjórnstöð Veitna þó heimilað jarðvinnu nálægt spennuhafa háspennustrengjum. Í slíkum tilvikum skal fulltrúi Veitna vera á staðnum á meðan jarðvinna fer fram.
5. Ekki má sprengja nær strengjunum en 5 m, miðað við leyfðan sprengistyrk í þéttbýli. Ekki má rippa með jarðýtu nær en í 3 m fjarlægð. Sé nauðsynlegt að fjarlægja klöpp sem er nær strengjunum en 3 m, skal setja traustar

hlífar utan um strengina á þeim kafla sem jarðvegur er ekki aðliggjandi og beita skal vélfleygum. Ætíð skal gæta ýtrustu varkárni.

6. Jarðvinnuverktaki getur fengið leyfi hjá Veitum til að grafa nálægt háspennustrengjum að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:
 - a) Að grófumaður og verkstjóri hafi setið námskeiðið: „Jarðvinna nálægt háspennustrengjum - öryggisnámskeið“
 - b) Háspennustrengir teknir úr rekstri þar sem hægt er og útsett og sónað fyrir strengjum.
 - c) Að mat hafi farið fram á bæði verktaka og aðstæðum í viðkomandi verki með vinnuflokkum og/eða sérfræðingum í rekstri rafmagns.
 - d) Stjórnstöð rafmagns skal ávallt tilkynnt um jarðvinnu nálægt háspennustrengjum svo hægt sé að gera viðeigandi ráðstafanir.
7. Jarðvinnuverktakar eða starfsfólk Veitna grefur frá strengjunum og kemur fyrir þar til gerðum hlífðarbúnaði utan um strengi ef aðstæður krefjast þess. Gæta þarf ýtrustu varkárni í allri umferð tækja við strengina á framkvæmdatíma vegna slysaþættu og hugsanlegs tjóns.
8. Jarðvinnuverktakar eða starfsfólk Veitna kemur strengjunum fyrir í varanlegri legu að framkvæmdum loknum, þ.e. kemur fyrir jarðvír og strengjum, sér um söndun, lagningu hlífðarhella/borða og aðvörunarborða. Fylling og þjöppun jarðvegs umhverfis strengina skal unnin undir eftirliti Veitna.
9. Jarðvinnuverktakar eða starfsfólk Veitna sem vinnur nálægt háspennulínunum Veitna skal fylgja leiðbeiningum um vinnuvernd R. 5 2014 – Að hífa fólk með krana.

Vinna nálægt háspennuvirkjum í eigu annarra en Veitna:

Þegar starfsfólk Veitna eða verktakar á vegum Veitna þurfa að vinna í nálægð háspennuvirkja í eigu annarra en Veitna ber viðkomandi að afla sér upplýsinga um lagnir og vera í sambandi við tengilið viðkomandi raforkufyrirtækis varðandi hvernig standa skuli að vinnu, hvort sem um er að ræða spennuhafa virki eða ekki. Leitast skal við að vera í sambandi við viðkomandi raforkufyrirtæki sem fyrst í ferlinu þannig að ljóst sé tímalega hvernig skuli staðið að málum, t.d. ef gera þarf ráðstafanir til að gera virki spennulaust.

Ef ekki er ljóst hver er tengiliður hjá viðkomandi raforkufyrirtæki getur stjórnstöð Veitna aðstoðað við að finna réttan tengilið.